
Samræming á þjónustu fyrir eldri borgara:

Tillaga:

Lagt er til að þegar verði hafin vinna við að samræma upplýsingar, yfirsýn og tengiliði vegna heimaþjónustu og stoðþjónustu fyrir eldri borgara.

Þessi samræming og upplýsingastreymi er þegar að hluta fyrir hendi innan bæjarkerfisins, en tillagan miðar að því að gera þjónustuna aðgengilegri og einfaldari fyrir eldri borgara.

Þannig væri t.d. hægt að sækja um alla þjónusta á sama stað, ákveðinn starfsmaður væri tengiliður við hvern íbúa eða heimili sem nýtur þjónustu, nóg væri að upplýsingar t.d. um veikindi, breytingar á þjónustu og fjarveru þyrfti aðeins að berast á einn stað.

Þessi tillaga er sett fram vegna fjölmargra ábendinga og í framhaldi af umræðu um uppbyggingu öldrunarheimila og þjónustu á síðasta fundi ráðsins.

Sigríður, Valgerður og Halldór.